

## Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um uppgjör gengistryggðra lána fyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Um hversu háa fjárhæð hafa lán fyrirtækja verið færð niður í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands er varða lögmæti gengistryggðra lánasamninga, t.d. dóma frá 16. júní 2010 (Hrd. 153/2010) og 9. júní 2011 (Hrd. 155/2011)? Svar óskast sundurliðað eftir fjármálafyrirtækjum og tegund lána, þ.e.:*
  - a. *fasteignakaupalánum,*
  - b. *bílalánum,*
  - c. *lánnum vegna kaupa á eignarhlutum í fyrirtækjum,*
  - d. *eigna- og kaupleigusamningum,*
  - e. *öðrum lánnum.*
2. *Hver er fjárhæð endurútreiknaðra vaxta fjármálafyrirtækja vegna þessara niðurfærslna, sundurliðað samkvæmt sömu forsendum?*
3. *Um hversu háa fjárhæð hafa lán fyrirtækja verið færð niður að teknu tilliti til fjárhæðar endurútreiknaðra vaxta, sundurliðað samkvæmt sömu forsendum?*

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands, eftir atvikum, safna upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við það eftirlitshlutverk sem þessum stofnunum er falið lögum samkvæmt.

Í samræmi við framangreint óskaði ráðuneytið eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki saman svar við fyrirspurninni. Hér fylgir svar eftirlitsins:

Meginhlutverk Fjármálaeftirlitsins er að tryggja að eiginfjárhlutföll fjármálafyrirtækja séu í samræmi við reglur og kröfur eftirlitsins hverju sinni. Stærsta verkefnið er því að tryggja að eignir og skuldir fjármálafyrirtækja séu metnar á réttu virði. Þegar í ljós kom að vafi léki á lögmæti gengistryggðra lána ákvað eftirlitið að fara út í viðamikla könnun svo hægt væri að meta hver áhrifin yrðu og hvort fjármálafyrirtækin mundu áfram uppfylla reglur og kröfur eftirlitsins kæmi til þess að gengistryggðu lánin yrðu dæmd ólögmet. Sú fyrirspurn sem eftirlitið sendi til fjármálafyrirtækja var hönnuð með þeim hætti að greina mætti áhrifin á eigið fé fjármálafyrirtækja miðað við mismunandi útkomur hvað varðar ólögmeti og vaxtaviðmið. Endurútreikningur á gengislánum hefur hins vegar einungis áhrif á eigið fé fjármálafyrirtækja í þeim tilvikum þar sem endurútreiknað kröfuvirði er lægra en bókfært virði. Fyrirspurnin beindist því ekki að heildarlækkun á kröfuvirði gagnvart lántökum.

Fjármálaeftirlitið hefur einbeitt sér að því að greina hvort fjármálafyrirtæki hafi fært nægilega hátt varúðarframlag í bækur sínar til að þau geti mætt mögulegri tapsáhættu með tilliti til stöðugleika fjármálakerfisins. Eftirlitið hefur ekki talið það vera forgangsverkefni að fylgjast með hversu hratt fjármálafyrirtæki gangi frá endanlegum afskriftum til viðskiptavina sinna eða hversu mikil lækkunin er frá fyrra kröfuvirði. Sökum þess hvar áhersla eftirlitsins

hefur legið liggja upplýsingar ekki fyrir um það um hversu háa fjárhæð lán fyrirtækja hafa verið færð niður í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands.

Með vísan til svars Fjármálaeftirlitsins kannaði ráðuneytið hvort Seðlabanki Íslands gæti veitt upplýsingar við fyrirspurninni. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum eru ekki til gögn um niðurfærslur eftir tegund lána eða eftir einstaklingum og fyrirtækjum heldur einungis upplýsingar um hvort niðurfærslan sé almenn eða sérstök.

Að öllu framanvirtu er ráðuneytið því miður ekki í aðstöðu til þess að veita fullnægjandi svar við fyrirspurninni. Þær tölur sem ráðuneytið hefur yfir að ráða eru þær fjárhæðir niðurfærslu lána sem Samtök fjármálafyrirtækja gefa út. Samkvæmt stöðumati í lok september sl. höfðu fjármálafyrirtækin fært niður um 137.805 millj. kr. af gengistryggðum lánnum fyrirtækja.